

**SFR - Stéttarfélag í
almannapjónustu annars vegar
og Orkustofnun hins vegar**

**gera með sér eftirfarandi stofnanasamning
í samræmi við ákvæði í kjarasamningum viðkomandi félaga sem
gerðir voru árið 2005
við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og gilda til 30. apríl 2008**

1. gr. Gildissvið og skilgreiningar

Samningur þessi nær til félagsmanna í SFR sem starfa hjá Orkustofnun. Samningurinn er hluti kjarasamninga félaganna og fjármálaráðherra, dags. 9. mars 2005.

Með „samflotsfélögunum“ er átt við Stéttarfélag verkfræðinga, Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands, Útgarð, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Stéttarfélag lögfræðinga.

Með „OS“ er átt við Orkustofnun.

Með „fyrrí“ launum eða launatöflu er átt við laun eða launatöflu viðkomandi stéttarfélags sem gildir í aprílmánuði 2006.

Með „nýjum“ launum eða „nýrri“ launatöflu er átt við laun eða launatöflu viðkomandi stéttarfélags sem gildir frá 1. maí 2006.

Með „samstarfsnefnd“ er átt við formlega nefnd samningsaðila eins og kveðið er á um í aðalkjarasamningum. Hún gerir stofnanasamning og fer með eftirlit með framkvæmd hans. OS skipar allt að 3 fulltrúa í nefndina en aðrir samningsaðilar einn hver. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa.

2. gr. Markmið og leiðir

Meginmarkmið með þessum samningi og öðrum aðgerðum Orkustofnunar í launamálum eru eftirfarandi:

- a. Að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk í hvetjandi starfsumhverfi.
- b. Að launakerfið sé heilsteypt, gagnsætt og rökrétt og að nægilegur sveigjanleiki í launamálum sé til þess að bregðast við breyttum ytri og innri aðstæðum.
- c. Að hvetja til góðs árangurs í starfi m.a. í þeim tilgangi að stytta megi viðveru á vinnustað.
- d. Að ákvarðanir í launamálum séu teknar með málefnalegum hætti og að jafnræðis sé gætt við launaákvarðanir.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi leiðir verði m.a. farnar að þessum markmiðum:

- a. Að starfsmannasamtöl fari fram árlega og í kjölfar þeirra verði launaröðun skoðuð.
- b. Að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukin með markvissri endurmenntun.

3. gr. Lágmarksvörpun launa

Hverjum þeim starfsmanni sem er starfandi hjá OS 1. maí 2006 skal ákvarða lágmarkslaun samkvæmt nýrri launatöflu SFR og skal fara þannig að:

Finna skal lægsta launaflokk í nýrri launatöflu sem gefur jöfn eða hærri grunnlaun en fyrri laun starfsmannsins og er þá jafnt í nýrri sem og fyrri launatöflu tekið tillit til aldursþreps

Þau laun sem fundin eru samkvæmt 1. mgr. skulu vera lágmarkslaun viðkomandi starfsmanns út samningstímann. Lágmarkslaun þessi skulu taka þeim breytingum sem kveðið er á um í viðkomandi kjarasamningi við fjármálaráðherra.

4. gr. Flokkun starfa

Störfum og þeim sem gegna þeim skal úthlutað stigum samkvæmt eftirfarandi meginflokkun:

- a. Fastir þættir:
 - Starfsþættir
 - Persónubundnir þættir
- b. Tímabundnir þættir:
 - Starfsþættir
 - Persónubundnir þættir

Summa stiga fyrir fasta þætti að viðbættum þeim breytingum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og 2. mgr. 6. gr. kallast „föst stig“. Með sama hætti eru „tímabundin stig“ skilgreind.

Standi föst stig á oddatölu færist eitt þeirra yfir í tímabundin stig. Séu gefin fleiri en 8 tímabundin stig, skal færa 2 þeirra í senn yfir í föst stig þar til að 8 eða færri tímabundin stig standa eftir. Hámark fastra stiga er 46 en hámark tímabundinna stiga er 8.

Nánari sundurliðun, lýsing og viðmið um stigagjöf er í 1. fylgiskjali með samningi þessum.

5. gr. Launaviðmið Orkustofnunar

Stig, föst og tímabundin, eru notuð til að ákvarða launaviðmið samkvæmt sérstakri launatöflu OS. Sú tafla er 2. fylgiskjal með samningi þessum. Í henni eru 24 launaflokkar og 8 tímabundnir álagsflokkar til viðbótar grunnflokki. Við hvern álagsflokk bætast 2,5% við launin í grunnlaunaflokknum.

Launataflan er byggð á launatöflu samflotsfélaganna en launaflokkar 7-24 í launatöflu OS eru samhljóða launatöflu samflotsfélaganna.

Laun í launatöflu OS skulu taka hlutfallslega sömu breytingum og kveðið er á um í kjarasamningum samflotsfélaganna við fjármálaráðherra.

6. gr. Röðun starfsmanna í launatöflu Orkustofnunar

Á grundvelli fastra og tímabundinna stiga skal ákvarða öllum starfsmönnum launaviðmið í launatöflu OS sbr. 5. gr. Hver tvö föst stig gefa einn launaflokk umfram þann fyrsta, en tímabundin stig gefa hvert einn álagsflokk. Beiting eða túlkun á 19. gr. starfsmannalaga á ekki við um tímabundna álagsflokka.

Verði kostnaður við röðun starfsmanna á grundvelli stiga umfram þá fjármuni sem stofnunin hefur til ráðstöfunar til launahækkana á samningstímabilinu er OS heimilt að fresta hækkun launa til einstakra starfsmanna. Keppt skal að því að þeir starfsmenn sem hljóta það mörg stig að svari til a.m.k. eins launaflokks umfram lágmarkslaun samkvæmt 3. gr. fái launaflokkshækkun 1. maí 2006. Með sama hætti bætist einn launaflokkur við 1. janúar 2006 hjá þeim sem stig hafa til þess. Orkumálastjóri skal leita leiða til að frestun stiga vari ekki lengur en til 1. maí 2007.

7. gr. Samsvörun milli launatöflu OS og einstakra stéttarféлага

Fara skal þannig að til að finna laun samkvæmt launatöflu SFR:

- a. Finna skal þau laun í viðeigandi aldursþrepi í launaflokki í nýrri launatöflu SFR sem eru næst fyrir neðan launaviðmið í grunnflokki þess launaflokks í launatöflu OS sem starfsmaðurinn hefur raðast í.
- b. Greiða skal starfsmanninum grunnlaun samkvæmt þeim launaflokki sem finnst samkvæmt a. lið. Þó skulu hin greiddu laun aldrei vera lægri en lágmarkslaunin samkvæmt 3. gr.
- c. Sé launaviðmið samkvæmt 6. gr. hærra en greidd laun samkvæmt b lið skal mismunurinn inntur af hendi sem sérstakt tímabundið álag í samræmi við lið 11.3.3. í kjarasamningi SFR við fjármálaráðherra.
- d. Hlutfallslega sama álag og fram kemur í c. lið skal greiða á yfirvinnu.

8. gr. Sérákvæði um tímabundna starfsmenn

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa samnings er OS heimilt að greiða starfsmönnum, sem ekki hafa háskólapróf og vinna um stundarsakir á stofnuninni laun eftir launatöflu SFR án þess að viðhafa þá stigagjöf sem er almennt grundvöllur launsetningar samkvæmt samningi þessum. Þessu ákvæði skal að jafnaði aðeins beitt sé starfstími 4 mánuðir eða minna, svo sem hjá sumarstarfsmönnum.

9. gr. Framkvæmd samnings

Samstarfsnefnd skal fara yfir hina upphaflegu niðurröðun starfa eins fljótt og kostur er eftir undirritun samnings þannig að unnt verði að greiða hækkun frá og með 1. maí við útborgun 1. júní. Jafnframt skal orkumálastjóri gera gein fyrir meðaltölum og veita upplýsingar um dreifingu á einstökum meginþáttum þeirrar stigagjafar sem ræður röðuninni, sbr. ákvæði 4. gr.

Starfsmenn verða hver og einn upplýstir um stigagjöf þeirra, sbr. 1. fylgiskjal, og geta óskað eftir rökstuðningi á henni, svo sem með samanburði við meðaltöl.

Orkumálastjóri skal gera trúnaðarmönnum viðkomandi stéttarfélags við hvern áfanga í framkvæmd samningsins, sbr. 2. mgr. 6. gr., og síðan árlega rökstudda grein fyrir stigagjöf einstakra starfsmanna skv. 1. fylgiskjali.

10. gr. Endurskoðunarákvæði

Stofnunarsamningur þessi skal endurskoðaður árlega berist ósk um slíkt frá öðrum hvorum samningsaðila og oftast ef aðilar ná um það samkomulagi.

11. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006 og uns nýr aðalkjarasamningur hefur verið gerður fyrir félagið. Samning þennan skal þegar í stað endurskoða verði gerðar breytingar á aðalkjarasamningi sem leiða til þess að forsendur þessa stofnanasamnings breytast. Í því tilviki skal leitast við að gera nýjan stofnanasamning svo fljótt sem auðið verður. Það er samhljóða skilningur samningsaðila að þeir séu óbundnir af samningi þessum eftir að gildistíma hans lýkur.

Reykjavík, 10. maí 2006.

F.h. Orkustofnunar

F.h. Rekstrarfélags
Orkugarðs

F.h. SFR - stéttarfélags í almannajónustu

1. fylgiskjal: Sundurliðun á stigagjöf

Fastir þættir																								
Starfsþættir					Pers. þættir					Alls														
					Færni		Hám af:																	
12			12	14		9	8		4	4	21	45												
Stjórnun í starfi	Mannaforráð	Verkstjórn	Verkefnastjórn	Fjárh. ábyrgð	Ráðstöfun fjár	Áætlanir, tillögur	Samningar	Faglegar kröfur	Alm. fagl. þekking	Málakunnátta	Tjáning, ritfærni	Mannleg samskipti	Alls, starfsþættir	Menntun	Sérhæfð færni	Viðb. menntun, sérhæfð þekking	Alm. þekking	Umframfærni *	Starfsreynsla	Innan OS	Annað	Lífdurspunnar	Alls, pers. þættir	Summa fastra þátta

* Stig fyrir færni hafa aðeins áhrif á heildarstigagjöf að svo miklu leyti sem stigin eru umfram faglegar kröfur.

Tímabundnir þættir																	
Starfsþættir			Pers. þættir								Alls						
4	4	8	4		4			2		8	18	26					
Viðbótarábyrgð	Álag/Umfang	Alls. sérstakir	Frumkvæði / forysta	Frumkvæði	Forysta	Verkskil	Réttur tími	Gæði	Afköst	Samvinna/tengsl	Samstarfshæfileiki	Tengslanet	Eftirspurn	Faglega almennt	Persónubundið	Alls, pers. þættir	Summa tímab. þátta

Hvítir reitir, án punkttagjafar, sýna hvaða atriði koma einkum til álita við stigagjöf fyrir þann (litaðan) þátt sem er til vinstri við viðkomandi reit.

2. fylgiskjal: Launatafla Orkustofnunar

Launatafla Orkustofnunar 1. maí 2006

Lfl. sam- flots	Nýir lfl.	Grunn- upphæð	Álag vegnatímabundinna þátta							
			2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%	15,0%	17,5%	20,0%
			1	2	3	4	5	6	7	8
	1	140.000	143.500	147.000	150.500	154.000	157.500	161.000	164.500	168.000
	2	150.000	153.750	157.500	161.250	165.000	168.750	172.500	176.250	180.000
	3	160.000	164.000	168.000	172.000	176.000	180.000	184.000	188.000	192.000
	4	170.000	174.250	178.500	182.750	187.000	191.250	195.500	199.750	204.000
	5	180.000	184.500	189.000	193.500	198.000	202.500	207.000	211.500	216.000
	6	190.000	194.750	199.500	204.250	209.000	213.750	218.500	223.250	228.000
01	7	200.000	205.000	210.000	215.000	220.000	225.000	230.000	235.000	240.000
02	8	210.000	215.250	220.500	225.750	231.000	236.250	241.500	246.750	252.000
03	9	220.500	226.013	231.525	237.038	242.550	248.063	253.575	259.088	264.600
04	10	231.525	237.313	243.101	248.889	254.678	260.466	266.254	272.042	277.830
05	11	243.101	249.179	255.256	261.334	267.411	273.489	279.566	285.644	291.722
06	12	255.256	261.638	268.019	274.401	280.782	287.163	293.545	299.926	306.308
07	13	268.019	274.720	281.420	288.121	294.821	301.522	308.222	314.922	321.623
08	14	281.420	288.456	295.491	302.527	309.562	316.598	323.633	330.669	337.704
09	15	295.491	302.878	310.266	317.653	325.040	332.427	339.815	347.202	354.589
10	16	310.266	318.022	325.779	333.536	341.292	349.049	356.805	364.562	372.319
11	17	325.779	333.923	342.068	350.212	358.357	366.501	374.646	382.790	390.935
12	18	342.068	350.620	359.171	367.723	376.275	384.826	393.378	401.930	410.481
13	19	359.171	368.151	377.130	386.109	395.088	404.068	413.047	422.026	431.006
14	20	377.130	386.558	395.986	405.415	414.843	424.271	433.699	443.128	452.556
15	21	395.986	405.886	415.786	425.685	435.585	445.485	455.384	465.284	475.184
16	22	415.786	426.180	436.575	446.970	457.364	467.759	478.153	488.548	498.943
17	23	436.575	447.489	458.404	469.318	480.232	491.147	502.061	512.976	523.890
18	24	458.404	469.864	481.324	492.784	504.244	515.704	527.164	538.624	550.084

1. bókun: Um afnám árangurstengdra launa í fyrri stofnanasamningum

Aðilar eru sammála um að viðauki með fyrri stofnanasamningum um fyrirkomulag árangurstengdra launa á Orkustofnun frá 2. apríl 2004 falli úr gildi en í staðinn verði miðað við að 5% af heildarlaunakostnaði komi til hækkunar launa á grundvelli stiga sem gefin eru skv. 4. gr., sbr. 1. yfirlýsingu Orkustofnunar með þessum samningi.

Jafnframt staðfesta samningsaðilar fyrra samkomulag um að árangurstengd laun vegna ársins 2005 skuli vera 5% af heildarlaunakostnaði hjá hverju stéttarfélagi og greiðast út 1. apríl 2006, en árangurstengd laun vegna ársins 2006 falli alfarið undir ákvæði 1. mgr. þessarar bókunar.

2. bókun: Um meðferð ágreinings

Komi upp óleysanlegur ágreiningur á milli stofnunarinnar og stéttarfélags skal samningnum vísað til sáttanefndar eða samstarfsnefndar skv. aðalkjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

1. Yfirlýsing OS: Áfangaskipt framkvæmd á launabreytingum

OS lýsir því yfir að hún telur sig hafa þá fjármuni til hækkunar á launakostnaði að óbreyttum fjölda og samsetningu starfsmanna sem fram kemur í eftirfarandi töflu og sundurliðast þannig:

Dagsetning	SFR*
1. maí 2006	2,4%+1,2%
1. jan. 2007	5,0%
1. maí 2007	2,0%+1,2%
Í heild	12,3%

*Viðbótarhækkun (1,2%) 1. maí 2006 er í samræmi við bókun 2 með aðalkjarasamningi SFR um jafnréttismál. Reiknað er með sömu ábót 1. maí 2007, en ekki hefur þó enn verið frá því gengið.

Hækkanir 1. maí 2006 og 2007 eru í samræmi við ákvæði í fylgiskjölum með kjarasamningum starfsmannafélaganna við fjármálaráðherra. Þeir fjármunir sem taldir eru til ráðstöfunar 1. jan. 2007 eru vegna afnáms árangurstengdra launa í fyrri stofnanasamningum sbr. 1. bókun þessa samnings. OS vill taka fram í þessu sambandi að í lið 1.2 í ákvæðum um „Fyrirkomulag árangurstengdra launa á Orkustofnun“ segir: „Skilgreind eru með reglum þessum markmið um upphæð árangurstengdra launa og fer það markmið eftir fjárhagsgetu stofnunarinnar á hverjum tíma.“ Því er ljóst að væntingar um fjármuni 1. jan. 2007 kunna að vera háðar fjárhagsgetu stofnunarinnar.

OS mun í samvinnu við starfsmenn stefna að hagræðingu í rekstri þannig að unnt verði að umbuna starfsmönnum umfram það sem að ofan greinir.

OS mun gera grein fyrir útgjöldum vegna umræddra áfangahækkana. Þróuð verður aðferðafræði til að meta kostnaðinn.

OS vill taka sérstaklega fram að stig vegna tímabundins álags kunna að taka breytingum í hverju einstöku tilviki, bæði til hækkunar og lækkunar.

2. yfirlýsing: Um þá starfsmenn SFR sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna

Þar sem aðeins er greitt í lífeyrissjóð af grunnlaunum þeirra starfsmanna sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna kann útfærsla sú sem er á greiðslu fyrir tímabundið álag samkvæmt ákvæði c. liðar 7. gr. að skerða lífeyriskjör starfsmanna í SFR.

OS lýsir því yfir að hún mun leita leiða til að tryggja að umræddir starfsmenn séu jafnsettir félögum þeirra í samflotsfélögunum hvað þetta varðar. Þetta verður t.d. gert með því að fella stærri hluta launa þeirra undir grunnlaunabátt en ella væri, sbr. ákvæði a. liðar 7. gr., þ.e.a.s. undir föst fremur en tímabundin stig.

3. yfirlýsing Orkustofnunar: Um vinnu í ferðalögum erlendis

Orkustofnun mun hafa eftirfarandi fyrirkomulag vegna ferða erlendis:

- a. Sé farið í ferð þar sem allir skráðir tímar eru greiddir af verkkaupa sérstaklega er heimilt að greiða yfirvinnu í samræmi við venju eða ákvæði í verksamningi. Þetta gildir ekki um verkefni sem greidd eru af fjárlögum, öðrum opinberum aðilum eða rannsóknarsjóðum. Tilgreina skal sérstaklega í ferðabeiðni að óskað sé greiðslu vegna yfirvinnu í ferð. Þetta ákvæði á ekki við starfsmenn á fastlaunasamningum.
- b. Reynist ekki unnt að haga ferð með öðrum hætti en að ferðir til og frá Íslandi fari fram utan dagvinnutíma miðað við íslenskan tíma skal fara þannig að:
 - Lendi slík ferð á frídegi skal starfsmaður eiga rétt á öðrum frídegi í staðinn óháð því um hve margar klukkustundir frídagurinn skertist.
 - Fari ferðatími á virkum degi beint á áfangastað fram yfir dagvinnutíma er starfsmanni heimilt að taka sér frí næst á undan ferðinni sem nemur þessum umframtíma, þó að hámarki 8 klst.
 - Fari ferðatími á virkum degi beint heim frá dvalarstað erlendis fram yfir dagvinnutíma skal starfsmaður sömuleiðis eiga rétt að taka frí næsta virkan dag sem umframtímanum nemur, þó ekki lengur en 8 klst.

Tilgreina skal í ferðabeiðni að óskað sé frítökuréttar. Kostnaðurinn við töku frídaga berist af viðkomandi verkefni.

- c. Standi þannig á að ekki sé unnt að taka frí samkvæmt b-lið í beinum tengslum við ferð getur stofnunin í sérstökum tilvikum heimilað að fríið sé tekið við fyrsta tækifæri sem hentar stofnun og starfsmanni, en þó innan tveggja vikna frá heimkomu.
- d. Ákvæði b á hvorki við um náms- né ráðstefnuferðir.

5. yfirlýsing Orkustofnunar: Um endurgreiðslu ferðakostnaðar innanlands

- a. Fargjöld á ferðalögum innanlands greiðist af stofnuninni, enda sé leitað hagstæðustu tilboða og afsláttarkjör stofnunarinnar nýtt.

Velji starfsmaður að aka sjálfur í stað þess að nýta áætlanaflog skulu greiðslur miðaðar við ódýrari kostinn.

b. Sé hluti vinnudags unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar skal sá kostnaður endurgreiddur. Þetta á þó ekki við þegar starfsmenn fá greidda fasta fæðispeninga eða eiga þess kost að nýta sér mótuneyti stofnunarinnar.

c. Sé ekki unnt að leggja fram reikninga eða um það sé sérstaklega samið við forstöðumann, skulu starfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands með dagpeningum eins og þeir eru ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd.